

Reykjavík, 12. mars 2019

Efni:

149. Löggjafarþing 2018–2019
Tillaga til þingsályktunar um dánaraðstoð
Þingskjal 138 – 138. mál

Nefndasvið Alþingis / Velferðarnefnd

Ég þakka Alþingi fyrir að senda mér þingsályktunina (138. mál) til umsagnar. Ég verð þó að játa að mér finnst undarlegt að sama mál sé aftur komið á dagskrá þingsins aðeins rúmu ári eftir að ég, ásamt séra Timur Zolotuskiy, presti Réttrúnaðarkirkju hl. Nikulásar, sendi (þann 14. febrúar 2018) Nefndasviði Alþingis umsögn um sömu eða svipaða tillögu (148. löggjafarþing 2017–2018 – 91. mál). Ég vil staðfesta og ítreka þá afstöðu okkar sem birtist í áðurnefndri umsögn.

Í greinargerð með ályktuninni er vísað til Lífsvirðingar, félags um dánaraðstoð. Ég mótmæli því að félag sem segir í stefnuskrá sinni (sbr. heimasíðu samtakanna, lifsvirding.is): „... að dánaraðstoð með skýrum skilyrðum teljist til mannréttinda ...“ skuli bera nafnið Lífsvirðing.

Nú kann svo að vera að fáir hlusti á þessi andmæli mín og Kaþólsku kirkjunnar, en við vitum að Guð hlustar, og því biðjum við hann að upplýsa hug þeirra sem ábyrgð bera á framtíð þessarar ályktunar, að þeir samþykki ekki þessa tillögu og enn síður lög sem heimili dánaraðstoð.

Með virðingu,

+David B. Tencer

David B. Tencer, OFM Cap.

Reykjavíkurbiskup

Hávallagötu 14

101 Reykjavík